

GJALDSKRÁ

Veitna ohf. á veitusvæðum Orkuveitu Reykjavíkur, heitt vatn.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir heitt vatn á veitusvæðum Orkuveitu Reykjavíkur. Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni, 2% af smásöluverði. Heimilt er að miða innheimtu skattsins við áætlaða sölu. Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, 11% af vatni til húshitunar og laugarvatns en 24% til annarra nota.

Á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur gilda mismunandi taxtar í þéttbýli og dreifbýli.

2. gr.

Almennir taxtar, mæld notkun.

Taxti	Tegund	Veitusvæði	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H1A	Einingaverð	Sala í þéttbýli	122,75	2,46	138,98	kr./m ³
J1A	Einingaverð	Sala í dreifbýli	162,00	3,24	183,42	kr./m ³

Taxtarnir gilda fyrir alla húshitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslu.

Heitt vatn er selt samkvæmt rúmmetramælingu.

Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu heits vatns.

Orkuveitu Reykjavíkur er ekki skylt að veita afslátt af sölu heits vatns vegna lágs hitastigs þess á afhendingarstað enda geri Orkuveita Reykjavíkur þær ráðstafanir sem má ætlast til af henni til að halda hitastiginu í eðlilegu horfi.

Sækja skal skriflega um alla taxta aðra en ofangreinda taxta.

Heimilt er að innheimta 30% af áætluðum vatnskaupum hjá þeim húseigendum sem ekki eru farnir að kaupa heitt vatn um heimæð ári eftir að hún er tilbúin til notkunar.

3. gr.

Almennir taxtar, fast verð.

Taxti	Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	40,47	0,81	45,82	kr./dag
H1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	84,56	1,69	95,74	kr./dag
H1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	171,37	3,43	194,03	kr./dag
Taxti	Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
J1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	45,82	0,92	51,88	kr./dag
J1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	95,52	1,91	108,15	kr./dag
J1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	193,28	3,87	218,84	kr./dag

Fast verð er hluti af almennum taxta og í öllum öðrum samningum þar sem sem selt er samkvæmt mæli.

Fast verð er fyrir föstum kostnaði og er háð stærð mælis. Gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

4. gr.

Gróðurhús og sundlaugar.

Taxti	Tegund	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
H3	Einingaverð	Gróðurhús	61,34	1,23	69,45	kr./m ³
H4	Einingaverð	Sundlaugar	61,34	1,23	69,45	kr./m ³

Skýringar:

Taxtar H3 og H4 eru ekki forgangsvatn. Taxtarnir gilda þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Orkuveitu Reykjavíkur.

H4 taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlaugar. Heimilt er að tengja baðvatn þessum taxta ef sundlaugin er aðalþáttur í starfsemi kaupanda.

H3 taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjufurðir í atvinnuskyni.

5. gr.

Snjóbræðsla, fiskeldi, íþróttavellir utanhúss og iðnaðarvatn í framleiðsluferla.

Taxti	Tegund	Tegund	Kr.	2% skattur	Með 24% vsk	Grunnur
V1	Einingaverð	Snjóbræðsla	122,75	2,46	155,26	kr./m³
V2	Einingaverð	Fiskeldi	61,34	1,23	77,59	kr./m³
V3	Einingaverð	Íþróttavellir, utanhúss	92,16	1,84	116,56	kr./m³
V4	Einingaverð	Iðnaðarvatn í framleiðsluferla	61,34	1,23	77,59	kr./m³

Skýringar:

Taxtar V1 til V4 eru ekki forgangsvatn. Þeir gilda þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Orkuveitu Reykjavíkur.

V1 taxtinn gildir fyrir sértengt snjóbræðslukerfi.

V2 taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

V3 taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttavelli utanhúss.

V4 taxtinn gildir fyrir atvinnustarfsemi sem nýtir heitt vatn beint í framleiðsluferla. Taxtinn gildir í engum tilvikum fyrir húshitun eða kranavatn.

5.1

Snjóbræðsla.

S1. Snjóbræðslutaxti, framrásarvatn (aðeins í þéttbýli).

Taxti	Tegund		Kr.	2% skattur	Með 24% vsk	Grunnur
	Fast verð		514,19	10,28	650,34	kr./dag
SR1	Lágverð	Mælt þegar útihiiti er hærri en -5°C	61,34	1,23	77,59	kr./m³
SR1	Háverð	Mælt þegar útihiiti er lægri en -5°C	184,10	3,68	232,85	kr./m³

Skýringar:

Mæling á heitu vatni fer fram á afhendingarstað með mælitækjum (tímmamæling), sem Orkuveita Reykjavíkur leggur til.

Sækja þarf skriflega um taxtann á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem Orkuveita Reykjavíkur leggur til.

S2. Snjóbræðslutaxti, framrásarvatn með flatargjaldi (aðeins í þéttbýli).

Taxti	Tegund		Kr.	2% skattur	Með 24% vsk	Grunnur
	Fast verð		514,19	10,28	650,34	kr./dag
SR2	Lágverð	Mælt þegar útihiiti er hærri en -5°C	61,34	1,23	77,59	kr./m³
SR2	Háverð	Mælt þegar útihiiti er lægri en -5°C	184,10	3,68	232,85	kr./m³
SR2	Daggjald	Fyrir hvern m² snjóbræðsluflatar	0,14	0,003	0,17	kr./m²

Skýringar:

Mæling á heitu vatni fer fram á afhendingarstað með mælitækjum (tímmamæling), sem Orkuveita Reykjavíkur leggur til.

Taxtinn miðast við að tvöfalt dreifikerfi sé til staðar hjá kaupanda. Daggjaldið er á hvern m² snjóbræðsluflatar.

Sækja þarf skriflega um taxtann á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem Orkuveita Reykjavíkur leggur til.

6. gr.
Frístundahús – hemlataxtar.

Veituvæði	Taxti		Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
Dreifbýli	Grunnverð	Kr. á dag fyrir 3 mínútulítra	299,37	5,99	338,95	kr./dag
	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.lítra umfr. 3 l	59,88	1,20	67,80	kr./dag

Skýringar:

Gildir fyrir frístundahús á svæðum Austurveitu, Grímsnesveitu, Hlíðaveitu, Ölfusveitu, Skorradalsveitu, Munaðarnesveitu og Norðurárdalsveitu.

Hitaveituvatn til frístundahúsa er selt um hemil til takmörkunar á rennsli. Mínútulítri táknað það rennsli sem gefur 1 lítra af vatni á 1 mínútu.

Innifalið í grunnverði eru 3 mínútulítrar, sem er minnsta magn sem afhent er til sumarhúsa.

Hægt er að sækja um aukið vatnsmagn hvenær sem er en umsókn um minnkun er aðeins framkvæmd mánuðina apríl og maí ár hvert.

Hugsanlegt er að svæðisbundið sé ekki nægt vatn til að verða við óskum um að kaupa aukið vatnsmagn.

Heimilt er að innheimta 30% af áætluðum vatnskaupum hjá þeim húseigendum sem ekki eru farnir að kaupa heitt vatn um heimæð ári eftir að hún er tilbúin til notkunar.

7. gr.
Verðskrá fyrir Rangárveitu dreifbýli.

Samkvæmt reglugerð nr. 10/2012 um breytingu á reglugerð nr. 297/2006, um Orkuveitu Reykjavíkur með síðari breytingum, nær veitusvæði fyrirtækisins til Hellu og Hvolsvallar og nærliggjandi sveita, eins og það veitusvæði er skilgreint í samningi frá 25. janúar 2005 milli Orkuveitu Reykjavíkur, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Ásahrepps. Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um Orkuveitu Reykjavíkur segir einnig að í þeim tilvikum þar sem á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur gilda mismunandi taxtar í þéttbýli og dreifbýli skal skilgreining á milli þéttbýlis og dreifbýlis fylgja því hvernig viðkomandi sveitarfélag skilgreinir þéttbýli á aðalskipulagi. Ákvæði 7. gr. gjaldskrár bessarar gilda eingöngu fyrir dreifbýli á því svæði sem framangreindur samningur tekur til. Önnur ákvæði gjaldskrárinnar, s.s. ákvæði 8. gr. um heimlagnir gilda einnig á því svæði eftir því sem við á.

7.1
Mæld notkun.

Taxti	Tegund	Veitusvæði	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
J1A	Einingaverð	Sala í dreifbýli	162,00	3,24	183,42	kr./m ³

7.2
Fast verð.

Taxti	Tegund	Stærð mælis	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
J1A	Fast verð	A: 15 mm til 20 mm	45,82	0,92	51,88	kr./dag
J1B	Fast verð	B: 25 mm til 50 mm	95,52	1,91	108,15	kr./dag
J1C	Fast verð	C: 65 mm og stærri	193,28	3,87	218,84	kr./dag

7.3
Íbúðarhús – blandaður taxti.

Taxti	Tegund	Grunnur	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
HR5	Grunnverð	Grunndagverð	52,34	1,05	59,26	kr./dag
	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.lítra	59,74	1,19	67,63	kr./dag
	Einingaverð	Neysluvatn um rennslismæli	155,95	3,12	176,57	kr./m³

7.4
Frístundahús – hemlataxti.

Taxti	Tegund	Grunnur	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
HR4	Grunnverð	Kr. á dag fyrir 3 mínutulítra	299,37	5,99	338,95	kr./dag
	Einingaverð	Kr./dag pr. mín.lítra umfram 3 l	59,88	1,20	67,80	kr./dag

8. gr.

Heimlagnir – almennt.

Almennt verð heimlagna gildir í þéttbýli á nýbyggingarsvæðum. Verð gildir ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum. Reiknist áætlaður heildarkostnaður við heimlögnina meira en 50% hærri en verðskrá segir til um þá greiðir umsækjandi til viðbótar allan kostnað sem verður umfram þessi 50%. Viðbótarkostnaður samkvæmt þessari reiknireglu er ekki innheimtur samhliða innheimitu yfirlengdargjalda. Geri húseigandi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitarfélags t.d. með því að færa til bílskúr eða annan inntaksstað ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna. Húseigandi sem óskar eftir breytingu eða færslu á inntaksbúnaði eða inntaksstað ber af því allan kostnað. Sama gildir um tímabundna aftengingu.

8.1

Heitt vatn – heimæðagjöld.

Neðangreint verð gildir í þéttbýli þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 50 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Sama gildir um hvern metra sem lengd heimæðar fer yfir 20 m innan lóðarmarka. Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnþörf í umsókn að höfðu samráði við Orkuveituna. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðagjöld til annarra nota.

Taxti	Málstærð	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H1H	20 mm	305.868	339.513	379.276
H1H	25 mm	477.918	530.489	592.618
H1H	32 mm	783.022	869.154	970.947
H1H	40 mm	1.223.470	1.358.052	1.517.103
H1H	50 mm	1.911.671	2.121.955	2.370.472

Skýringar:

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð heimæða stærri en 50 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

8.2
Heitt vatn – bráðabirgðatengingar.

Taxti	Málstærð	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H2H	20 mm	91.761	101.855	113.784

Skýringar:

Verðið gildir fyrir tengingu við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk ásamt einni tengigrind. Við aðrar aðstæður og fyrir stærri tengingu er hún gjaldfærð í samræmi við raunkostnað.

8.3

Heimæðagjöld í dreifbýli (lögþýli og heilsárshús).

Neðangreind verð gilda þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 70 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Stærð heimæðar ákvarðast af tilgreindu vatnsmagni í umsókn en stærð heimæðar til upphitunar húsnæðis tekur mið af rúmmáli þess. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðagjöld til annarra nota.

Taxti	Málstærð m.v. stál	Málstærð m.v. PEX	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
H3H	20 mm	25 mm	397.629	441.368	493.060
H3H	25 mm	32 mm	621.293	689.635	770.403
H3H	32 mm		1.017.927	1.129.899	1.262.229

Skýringar:

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð stærri heimæða en 32 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

8.4

Heimæðagjöld fyrir frístundahús (í samræmi við byggingarleyfi).

Neðangreind verð gilda í frístundahúsabyggðum þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 100 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Virðisaukaskattur reiknast 11% á heimæðagjöld fyrir heimæðar til húshitunar en 24% á heimæðagjöld til annarra nota.

Málstærð	Skýring	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
15 mm PEX	Heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	576.444	639.853	714.791
15 mm PEX	Heimæð lögð samtímis og í sama skurði og kaldavatnsæð OR	405.863	450.508	503.270

Skýringar:

Heitavatnsheimæðar fyrir frístundahús eru 15 mm. Ósk um stærri heimæð fellur undir mat Orkuveitunnar á styrk dreifikerfis og verði ósk samþykkt greiðir umsækjandi allan viðbótarkostnað sem fylgir stærri heimæð og þ.m.t. styrkingu á aðveitu.

9. gr.
Þjónustugjöld.

Texti	Kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk
Seðilgjald	193		239
Tilkynningar- og greiðslugjald	92		114
Aukaálestur	1.955	2.170	2.424
Skipting orkureiknings	2.698	2.995	3.346
Innheimtuvíðvörun ¹	950	1.055	1.178
Lokunargjald	2.788	3.095	3.457
Lokunargjald v/sumarhúss eða lokun að beiðni notanda	13.955	15.490	17.304
Endurkoma vegna tengingar sumarhúss ²	17.443	19.362	21.629
Útkall v/búnaðar notanda í sumarhúsi ³	13.955	15.490	17.304
Gjald fyrir innheimtaðgerð þar sem nauðsynlegt er að grafa niður á heimæð ⁴	305.868	339.513	379.276

Nr. 6

5. janúar 2016

Skýringar:

- ¹ 20 dögum eftir gjalddaga.
- ² Gjald fyrir endurkomu þegar umsækjandi hefur ekki uppfyllt sín skilyrði við áhleypingu.
- ³ Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda. Sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.
- ⁴ 25% álag reiknast á innheimtuaðgerð utan þéttbýlis.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur og orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, sbr. reglugerð fyrir Orkuveitu Reykjavíkur nr. 297/2006, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum og birtast til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 570/2015.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. janúar 2016.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Ingvi Már Pálsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2016